Ekki fyrir Jolie



Angelina Jolie saknar þess ekkert að vera ekki á föstu, hvað þá að vera ekki gift. „Ég er allt of óstöðug og lifi of mikið fyrir líðandi stund. Auk þess get ég alls ekki verið trú og trygg. Sagt er að karlar vilji bara eiga kynmök við okkur konurnar og segja ekki orð. Ef svo væri, hefði þetta verið dásamlegt," segir Angelina sem einu sinni var gift leikaranum Johnny Lee Miller.

Angelina er mikill húðflúrsaðdáandi og svo safnar hún alls lags kutum hvaðanæva að.

Stjörnuspá

Gildir fyrir fimmtudaginn 16. mars

Vatnsberinn (20. jan.–18. febr.):

Ástvinir upplifa gleðilegan dag. Þú deilir ákveðnum tilfinningum með vinum þínum og það skapar sérstakt andrúmsloft.

Fiskarnir (19. febr.–20. mars):

Þessi dagur verður eftirminnilegur vegna atburða sem verða fyrri hluta dagsins. Viðskiptin blómstra og fjármálin ættu að fara batnandi.

Hrúturinn (21. mars–19. apríl):

Tilfinningamál verða í brennidepli og gamlar deilur tengjast þeim ef til vill. Fjölskyldan þarf að standa saman. Happatölur þínar eru 14, 16 og 27.

Nautið (20. apríl–20. maí.):

Það verður mikið um að vera en ef þú leggur hart að þér mun allt ganga að óskum. Ekki er ólíklegt að gamall vinur líti í heimsókn í kvöld.

Tvíburarnir (21. maí–21. júní):

Þú ert vinnusamur í dag og kemur frá þér verkefnum sem þú hefur trassað. Þú verður að reyna að vera skipulagðari og vinna meira jafnt og þétt.

Krabbinn (22 júní–22. júlí):

Þú verður að gæta tungu þinnar í samskiptum við fólk, sérstaklega þá sem þú telur að séu viðkvæmir fyrir gagnrýni.

Ljónið (23. júlí– 22. ágúst):

Þér gengur vel að fá fólk til að hlusta á þig og skoðanir þínar. Gættu þess að vera ekki hrokafullur þó að þú búir yfir vitneskju sem aðrir gera ekki.

Meyjan (23. ágúst–22. sept.):

Dagurinn ætti að verða fremur rólegur og einstaklega þægilegur. Þú átt skemmtileg samtöl við fólk sem þú umgengst alla jafna mikið.

Vogin (23. sept.–23. okt.,):

Þú verður að vera þolinmóður en þó ákveðinn við fólkið sem þú bíður eftir. Þú lendir í sérstakri aðstöðu í vinnunni.

Sporðdreki (24. okt.–21. nóv.):

Eitthvað óvænt kemur upp á og þú gætir þurft að breyta áætlunum þínum á síðustu stundu. Happatölur þínar eru 11, 14 og 29.

Bogamaður (22. nóv.–21. des.):

Þú finnur fyrir neikvæðu andrúmslofti og fólk er ekki tilbúið að bjóða fram aðstoð sína. Þú getur helst treyst á þína nánustu.

Steingeitin (22. des.–19. jan.):

Dagurinn verður heldur viðburðalítill og þú ættir að einbeita þér að vinnunni fyrri hluta dagsins. Hittu vini eða ættingja í dag.



Skálað og spjallað
Ólafur Gíslason listfræðingur og Hildur Helga Sigurðardóttir fjölmiðlakona rabba saman.



DV-MYNDIR HARI

Steinunn Þórarinsdóttir
Listakonan við tvö verka sinna á sýningunni.



Þrír góðir saman
Myndlistarmennirnir Helgi Þorgils Friðjónsson, Hallsteinn Sigurðsson og Magnús Tómasson létu sig ekki vanta á opnun Steinunnar.




Heillaóskir
Listakonan Steinunn heilsar gestum ásamt eiginmanni sínum, Jóni Ársæli Þórðarsyni.

Ný sýning í Ásmundarsafni:

Steinunn sýnir eigin verk og Ásmundar

Um helgina opnaði Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarmaður sýningu í Ásmundarsafni. Sýningin, sem ber yfirskriftina Maður um mann, er samblandverka Steinunnar frá síðasta ári og síðan verka fyrrum húsráðandans, Ásmundar Sveinssonar. Sýningin stendur til 14. maí.



Söngstjarna á Nýja-Sjálandi
Bandaríska unglingastjarnan og grammy-verðlaunahafinn Christina Aguilera söng fyrir nemendur í Rangitoto-framhaldsskólanum í Auckland á Nýja-Sjálandi á mánudag. Tónleikarnir voru verðlaun sem þrír nemendur skólans fengu fyrir að safna tæplega tvö þúsund undirskriftum skólafélaga sinna.

SUZUKI

TILBOÐ
MMC Lancer GLX, skr.12/92,
ek. 226 þús. km, ssk., 4 dyra.
Verð var 480 þús.
Nú aðeins 350 þús.

TILBOÐ
Hyundai Accent, skr. 02/96,
ek. 32 þús. km, ssk., 3 dyra.
Verð var 780 þús.
Nú aðeins 590 þús.

Suzuki Vitara JLX, skr. 07/95, ek. 58 þús. km, bsk., 3 dyra. **Verð 990 þús.**

Suzuki Baleno GLX, skr. 05/99, ek. 16 þús. km, ssk., 4 dyra. **Verð 1440 þús.**

Suzuki Baleno GLX, skr. 07/97, ek. 39 þús. km, bsk., 4 dyra. **Verð 1040 þús.**

VW Vento GL 07/94, ek. 87 þús. km, ssk., 4 dyra. **Verð 940 þús.**

Nissan Primera, skr. 03/98, ek. 41 þús. km, bsk., 5 dyra. **Verð 1180 þús.**

Daihatsu Sirion CX, skr. 09/99, ek. 11 þús. km, ssk., 5 dyra. **Verð 1190 þús.**

Peugeot 406, skr. 06/97, ek. 54 þús. km, bsk., 4 dyra. **Verð 1050 þús.**

VW Golf CL st., skr. 06/96 ek. 33 þús. km, bsk., 5 dyra. **Verð 950 þús.**

Toyota Corolla XL, skr. 04/97, ek. 28 þús. km, ssk., 4 dyra. **Verð 1120 þús.**

Nissan Almera, skr. 11/98, ek. 10 þús. km, ssk., 4 dyra. **Verð 1370 þús.**

MMC Lancer, skr. 06/97, ek. 63 þús. km, ssk., 4 dyra. **Verð 1160 þús.**

Daihatsu Sirion CX, skr. 05/99, ek. 6 þús. km, bsk., 5 dyra. **Verð 1050 þús.**

Suzuki Swift GLS, skr. 09/98, ek. 28 þús. km, bsk., 3 dyra. **Verð 830 þús.**

Daihatsu Applause, skr. 12/91, ek. 107 þús. km, bsk., 4 dyra. **Verð 450 þús.**

Toyota Carina II, skr. 07/90, ek. 145 þús. km, ssk., 4 dyra. **Verð 390 þús.**

Nissan Almera, skr. 10/99, ek. 2 þús. km, bsk., 5 dyra. **Verð 1220 þús.**

Opel Astra GL90, skr. 02/98, ek. 32 þús. km, bsk., 3 dyra. **Verð 970 þús.**

Nissan Micra, skr. 10/98, ek. 15 þús. km., bsk., 5 dyra. **Verð 1030 þús.**

Toyota Corolla XL, skr. 10/95, ek. 72 þús. km, 4 dyra, bsk. **Verð 790 þús.**

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17 • Sími 568 5100
www.suzukibilar.is